

**Skatturinn**

**09 210**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

|  | <b>Bls.</b> |
|--|-------------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns .....                  | <b>2</b>    |
| Yfirlit um afkomu ársins .....                         | <b>3</b>    |
| Efnahagsreikningur .....                               | <b>4</b>    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                              | <b>5</b>    |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ..... | <b>6</b>    |
| Skýringar .....  | <b>7</b>    |

**Skatturinn**

**kt. 540269-6029**

**Laugavegi 166 , 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skatturinn starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, tollalögum nr. 88/2005, lögum nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda, lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, sem og öðrum lögum og reglugerðum er varða starfsemi Skattsins í heild eða einstaka þætti hans.

Skatturinn er framsækin þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Skatturinn hefur með höndum skatt- og tollframkvæmd, sinnir skatteftirliti, skattrannsóknum og tollgæslu. Skatturinn annast álagningu skatta, tolla og annarra gjalda auk þess að viðhafa eftirlit með réttmæti skattskila. Þá sinnir stofnunin innheimtu opinberra gjalda fyrir ríki og sveitarfélög í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur.

Auk þess að tryggja ríkissjóði tekjur þá gegnir Skatturinn margþættu tollgæsluhlutverki á landamærum og veitir samfélaginu vernd gegn ólögmætum inn- og útflutningi vöru. Ennfremur viðheldur stofnunin fjölda skráa sem skipta sköpum fyrir gagnsæi og samkeppnisjónarmið í viðskiptalífinu, s.s. fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 9.064,7 milljónir og afkoma kr. -420,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 331,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.789,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármálasviðs staðfesta hér með ársreikning Skattsins fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Snorri Olsen,  
ríkisskattstjóri

Ásgeir Heimir Guðmundsson,  
sviðsstjóri fjármálasviðs

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

|  | Skýr | 2023                        | 2022                       |
|--|------|-----------------------------|----------------------------|
| <b>Tekjur</b>  |      |                             |                            |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....                               | 2    | 8.173.500.000               | 8.011.400.000              |
| Seld þjónusta .....  | 3    | 692.736.731                 | 581.953.695                |
| Framlög og ýmsar tekjur .....                                | 4    | 31.255.531                  | 6.248.990                  |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....               |      | 84.366                      | 137.677                    |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....                  | 2    | <u>167.163.949</u>          | <u>128.366.309</u>         |
| <b>Tekjur samtals</b>  |      | <b>9.064.740.577</b>        | <b>8.728.106.671</b>       |
| <b>Gjöld</b>   |      |                             |                            |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....         | 5    | 6.579.530.669               | 6.183.268.329              |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                | 6    | 2.738.864.087               | 2.437.453.003              |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....                     |      | 26.086                      | 11.520                     |
| Afskriftir og niðurfærslur .....                             | 7    | <u>167.163.949</u>          | <u>128.366.309</u>         |
| <b>Gjöld samtals</b>   |      | <b>9.485.584.791</b>        | <b>8.749.099.161</b>       |
| <b>Afkoma ársins</b>   |      | <b><u>(420.844.214)</u></b> | <b><u>(20.992.490)</u></b> |
| <b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b> |      |                             |                            |
| Rekstur .....  | 2    | (420.844.214)               | (22.392.490)               |
| Rekstrartilfærslur .....                                     |      | <u>0</u>                    | <u>1.400.000</u>           |
|  |      | <b><u>(420.844.214)</u></b> | <b><u>(20.992.490)</u></b> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

|   | Skýr | 31.12.2023           | 31.12.2022           |
|---|------|----------------------|----------------------|
| <b>Eignir</b>                                       |      |                      |                      |
| Handbært fé .....                                   | 8    | 612.060.598          | 271.642.156          |
| Viðskiptakröfur .....                               |      | 118.279.110          | 61.005.726           |
| Tengdir aðilar .....                                | 9    | 2.393.658.490        | 3.191.932.308        |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....   |      | 54.084               | 97.880               |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....                  | 10   | 596.490.461          | 334.676.480          |
| Óefnislegar eignir .....                            | 11   | 68.953.919           | 100.288.167          |
| <b>Eignir samtals</b>                               |      | <b>3.789.496.662</b> | <b>3.959.642.717</b> |
| <b>Skuldir</b>                                      |      |                      |                      |
| Tengdir aðilar .....                                | 9    | 1.078.288.953        | 1.019.543.520        |
| Viðskiptaskuldir .....                              |      | 144.513.572          | 475.614.093          |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....                        | 12   | 1.601.135.080        | 1.124.197.208        |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....     | 13   | 633.747.717          | 587.632.342          |
| <b>Skuldir samtals</b>                              |      | <b>3.457.685.322</b> | <b>3.206.987.163</b> |
| <b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b> |      | <b>331.811.340</b>   | <b>752.655.554</b>   |
| <b>Eigið fé</b>                                     |      |                      |                      |
| Hrein eign .....                                    | 14   | 331.811.340          | 752.655.554          |
| <b>Eigið fé samtals</b>                             |      | <b>331.811.340</b>   | <b>752.655.554</b>   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                  |      | <b>3.789.496.662</b> | <b>3.959.642.717</b> |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                            | 15   |                      |                      |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2023

|  | Skýr | 2023               | 2022               |
|--|------|--------------------|--------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                        |      |                    |                    |
| Hreint veltufé frá rekstri:                      |      |                    |                    |
| Afkoma ársins .....                              |      | (420.844.214)      | (20.992.490)       |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: |      |                    |                    |
| Afskriftir .....                                 | 7    | 167.163.949        | 128.366.309        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....      |      | (167.163.949)      | (128.366.309)      |
|  |      | (420.844.214)      | (20.992.490)       |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:           |      |                    |                    |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....    |      | (57.229.588)       | (19.082.956)       |
| Tengdir aðilar .....                             |      | 672.654.893        | 207.586.981        |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:          |      |                    |                    |
| Skammtímaskuldir .....                           |      | 145.837.351        | (122.922.663)      |
|  |      | 761.262.656        | 65.581.362         |
|  |      | <u>340.418.442</u> | <u>44.588.872</u>  |
|  |      | <u>340.418.442</u> | <u>44.588.872</u>  |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                   |      |                    |                    |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                   |      |                    |                    |
| Kaupverð óefnislegra eigna .....                 |      | (1.958.490)        | 0                  |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....       | 10   | (397.270.868)      | (133.037.089)      |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....       |      | 3.465.000          | 9.310.005          |
|  |      | (395.764.358)      | (123.727.084)      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                    |      |                    |                    |
| Tengdir aðilar .....                             |      | 184.364.358        | 48.527.084         |
| Fjárfestingarframlag .....                       |      | 211.400.000        | 75.200.000         |
|  |      | 395.764.358        | 123.727.084        |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>             |      |                    |                    |
| Handbært fé í byrjun árs .....                   |      | 340.418.442        | 44.588.872         |
| Handbært fé í byrjun árs .....                   |      | 271.642.156        | 227.053.284        |
|  |      | <u>612.060.598</u> | <u>271.642.156</u> |
|  |      | <u>612.060.598</u> | <u>271.642.156</u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

|   | Fjárveiting til<br>rekstrar | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjárveiting til<br>fjárfestinga | Samtals              |
|---|-----------------------------|-------------------------|---------------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....            | 7.830.400.000               | 0                       | 81.400.000                      | 7.911.800.000        |
| Fjáraukalög .....   | (130.000.000)               | 0                       | 130.000.000                     | 0                    |
| <b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>                  | <b>7.700.400.000</b>        | <b>0</b>                | <b>211.400.000</b>              | <b>7.911.800.000</b> |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....                       |                             |                         |                                 |                      |
| Launabætur .....  | 416.300.000                 | 0                       | 0                               | 416.300.000          |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....                                     | 56.800.000                  | 0                       | 0                               | 56.800.000           |
| <b>Fjárveiting ársins .....</b>   | <b>8.173.500.000</b>        | <b>0</b>                | <b>211.400.000</b>              | <b>8.384.900.000</b> |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....      | 751.255.554                 | 1.400.000               | 152.667.695                     | 905.323.249          |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .. | <b>1.400.000</b>            | <b>(1.400.000)</b>      | <b>0</b>                        | <b>0</b>             |
| <b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>                          | <b>8.926.155.554</b>        | <b>0</b>                | <b>364.067.695</b>              | <b>9.290.223.249</b> |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....                            | (8.594.344.214)             | 0                       | (395.764.358)                   | (8.990.108.572)      |
| <b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>                            | <b>331.811.340</b>          | <b>0</b>                | <b>(31.696.663)</b>             | <b>300.114.677</b>   |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stað í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.



## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

|                              |                  |
|------------------------------|------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 3-10 ár          |
| Farartæki og vélar .....     | 8-10 ár          |
| Aðrar eignir .....           | óafskrifað/10 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

|                                   | 2023                 | 2022                 |
|-----------------------------------|----------------------|----------------------|
| <b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b> |                      |                      |
| Fjárveiting ársins .....          | 8.173.500.000        | 8.011.400.000        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna ..... | 167.163.949          | 128.366.309          |
|                                   | <u>8.340.663.949</u> | <u>8.139.766.309</u> |

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

|  | Rekstur              | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Samtals              |
|--|----------------------|-------------------------|--------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....            | 7.830.400.000        | 0                       | 0                        | 7.830.400.000        |
| Fjáraukalög .....  | (130.000.000)        | 0                       | 0                        | (130.000.000)        |
| Launabætur .....   | 416.300.000          | 0                       | 0                        | 416.300.000          |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....                                | 56.800.000           | 0                       | 0                        | 56.800.000           |
| <b>Fjárveiting til tekna .....</b>                                   | <b>8.173.500.000</b> | <b>0</b>                | <b>0</b>                 | <b>8.173.500.000</b> |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .. | (8.594.344.214)      | 0                       | 0                        | (8.594.344.214)      |
| <b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>                     | <b>(420.844.214)</b> | <b>0</b>                | <b>0</b>                 | <b>(420.844.214)</b> |

|                                  | 2023               | 2022               |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>3 Seld þjónusta</b>           |                    |                    |
| Sérfræðiþjónusta .....           | 1.122.000          | 1.461.000          |
| Verksala .....                   | 0                  | 6.353.500          |
| Sala á vöru og þjónustu .....    | 666.676.975        | 546.335.537        |
| Ýmsar þjónustutekjur .....       | 10.533.936         | 10.513.345         |
| Veitinga- og gistiþjónusta ..... | 14.052.820         | 17.048.453         |
| Fræðslustarfsemi og fundir ..... | 351.000            | 241.860            |
|                                  | <u>692.736.731</u> | <u>581.953.695</u> |

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

|   |                   |                  |
|---|-------------------|------------------|
| Afnotagjöld .....                               | 5.925.605         | 5.044.304        |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....         | 270.000           | 270.000          |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir ..... | 18.586.190        | 0                |
| Ýmsar tekjur .....                              | 6.473.736         | 934.686          |
|   | <u>31.255.531</u> | <u>6.248.990</u> |

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

|                            |                      |                      |
|----------------------------|----------------------|----------------------|
| Laun .....                 | 5.336.878.925        | 4.962.066.222        |
| Orlof, breyting .....      | (50.820.700)         | 15.044.554           |
| Launatengd gjöld .....     | 1.213.929.364        | 1.129.670.649        |
| Starfsmannakostnaður ..... | 79.543.080           | 76.486.904           |
|                            | <u>6.579.530.669</u> | <u>6.183.268.329</u> |

|                              |       |       |
|------------------------------|-------|-------|
| Meðalfjöldi stöðugilda ..... | 466,6 | 482,6 |
|------------------------------|-------|-------|

## Skýringar

|  | 2023          | 2022          |
|--|---------------|---------------|
| <b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>                             |               |               |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....                            | 7.070.780     | 11.785.688    |
| Byggingarvörur, almennar ....                                | 602.115       | 1.996.073     |
| Byggingarvörur, aðrar ....                                   | 1.545         | 0             |
| Tæki og búnaður til innréttinga ....                         | 78.576.202    | 110.453.002   |
| Ýmis tæki og áhöld ....                                      | 52.614.789    | 57.510.934    |
| Varahlutir og viðhaldsvörur ....                             | 1.042.862     | 1.768.455     |
| Orkugjafar ....  | 34.169.937    | 30.603.374    |
| Matvæli ....   | 118.660.164   | 120.489.479   |
| Almennar rekstrarvörur ....                                  | 73.877.852    | 25.580.097    |
| Vörukaup, almenn   | 366.616.246   | 360.187.102   |
| Rannsóknarstofuefni ....                                     | 925.575       | 949.522       |
| Kennslu- og föndurvörur ....                                 | 1.147.268     | 110.948       |
| Ýmsar sérgreindar vörur ....                                 | 5.581.590     | 5.086.461     |
| Vörukaup, sérgreind  | 7.654.433     | 6.146.931     |
| Fundir, námskeið, risna ....                                 | 18.895.591    | 22.873.417    |
| Ferðir, uppihald ....  | 51.182.285    | 43.737.981    |
| Akstur ....  | 4.103.217     | 4.565.882     |
| Sérfræðiþjónusta ....  | 1.065.798.297 | 1.094.599.985 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....              | 9.209.653     | 7.570.229     |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....                       | 14.401.097    | 24.163.198    |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....           | 42.499.295    | 29.535.521    |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta    | 1.206.089.435 | 1.227.046.213 |
| Afnotagjöld ....   | 225.871.813   | 170.646.562   |
| Leigugjöld ....  | 695.352.967   | 519.640.689   |
| Notkun véla og flutningatækja ....                           | 17.543.091    | 3.241.947     |
| Verkkaup ....  | 173.499.845   | 106.592.380   |
| Kostnaðarhlutdeild ....                                      | 39.442.389    | 25.528.454    |
| Áhættutap og bætur ....                                      | 157.690       | 480.380       |
| Tryggingar, lögboðnar ....                                   | 3.317.999     | 3.230.500     |
| Opinber gjöld ....   | 7.967.416     | 7.050.733     |
| Tapaðar kröfur ....  | 287.457       | 21.346        |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 1.163.440.667 | 836.432.991   |
| Vörukaup ....  | 7.001.247     | 7.639.766     |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting                        | 7.001.247     | 7.639.766     |
| Hlutdeild annarra í kostnaði ....                            | (11.937.941)  | 0             |
| Annar rekstrarkostnaður samtals                              | 2.738.864.087 | 2.437.453.003 |
| <b>7 Afskriftir</b>  |               |               |
| Áhöld, tæki og búnaður ....                                  | 94.515.678    | 66.829.463    |
| Farartæki og vélar ....                                      | 20.821.400    | 19.595.096    |
| Aðrar eignir ....  | 2.191.421     | 126.967       |
| Sölutap og úreltar eignir ....                               | 16.342.712    | 0             |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna ....                           | 33.292.738    | 41.814.783    |
|  | 167.163.949   | 128.366.309   |

## Skýringar

|                       | 31.12.2023  | 31.12.2022  |
|-----------------------|-------------|-------------|
| <b>8 Handbært fé</b>  |             |             |
| Sjóðir .....          | 2.463.738   | 909.490     |
| Tékkareikningar ..... | 609.596.860 | 270.732.666 |
|                       | 612.060.598 | 271.642.156 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 58,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

|  | 31.12.2023    | 31.12.2022    |
|--|---------------|---------------|
| <b>9 Tengdir aðilar</b>  |               |               |
| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. |               |               |
| <i>Kröfur á tengda aðila:</i>  |               |               |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....                                      | 2.373.445.882 | 3.191.850.508 |
| Aðrir ríkisaðilar .....  | 20.212.608    | 81.800        |
|  | 2.393.658.490 | 3.191.932.308 |
| <i>Skuldir við tengda aðila:</i>   |               |               |
| Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....                                | 1.078.288.953 | 1.019.543.520 |
|  | 1.078.288.953 | 1.019.543.520 |

## 10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                              |             |             |
|------------------------------|-------------|-------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 501.913.379 | 229.215.301 |
| Farartæki og vélar .....     | 66.264.986  | 88.672.062  |
| Aðrar eignir .....           | 28.312.096  | 16.789.117  |
|                              | 596.490.461 | 334.676.480 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

|                             | Áhöld, tæki<br>og búnaður | Farartæki<br>og vélar | Aðrar eignir | Samtals       |
|-----------------------------|---------------------------|-----------------------|--------------|---------------|
| Staða 01.01.2023 .....      | 864.813.804               | 395.265.585           | 17.848.463   | 1.277.927.852 |
| Viðbætur á árinu .....      | 383.556.468               | 0                     | 13.714.400   | 397.270.868   |
| Selt/úrelt á árinu .....    | (341.109.936)             | (10.569.289)          | 0            | (351.679.225) |
|                             | 907.260.336               | 384.696.296           | 31.562.863   | 1.323.519.495 |
| Afskriftir 01.01.2023 ..... | 635.598.503               | 306.593.523           | 1.059.346    | 943.251.372   |
| Afskrift ársins .....       | 94.515.678                | 20.821.400            | 2.191.421    | 117.528.499   |
| Selt/úrelt á árinu .....    | (324.767.224)             | (8.983.613)           | 0            | (333.750.837) |
|                             | 405.346.957               | 318.431.310           | 3.250.767    | 727.029.034   |
| Staða 31.12.2023 .....      | 501.913.379               | 66.264.986            | 28.312.096   | 596.490.461   |

## Skýringar

|   | 31.12.2023           | 31.12.2022           |
|---|----------------------|----------------------|
| <b>11 Óefnislegar eignir</b>                      |                      |                      |
| Óefnislegar eignir .....                          | 68.953.919           | 100.288.167          |
| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023: |                      | <b>Hugbúnaður</b>    |
| Stofnverð 01.01.2023 .....                        |                      | 305.416.656          |
| Viðbætur á árinu .....                            |                      | 1.958.490            |
| Selt/niðurfært á árinu .....                      |                      | (422.492)            |
|   |                      | <u>306.952.654</u>   |
| Niðurfært 01.01.2023 .....                        |                      | 205.128.489          |
| Niðurfærsla ársins .....                          |                      | 33.292.738           |
| Selt/niðurfært á árinu .....                      |                      | (422.492)            |
|   |                      | <u>237.998.735</u>   |
| Staða 31.12.2023 .....                            |                      | <u>68.953.919</u>    |
|   | <b>31.12.2023</b>    | <b>31.12.2022</b>    |
| <b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>                  |                      |                      |
| Ógreitt orlof .....                               | 677.151.453          | 727.972.153          |
| Önnur ógreidd gjöld .....                         | 922.583.955          | 395.317.052          |
| Skattar .....                                     | 1.399.672            | 908.003              |
|   | <u>1.601.135.080</u> | <u>1.124.197.208</u> |

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

|   | 31.12.2023         | 31.12.2022         |
|---|--------------------|--------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga .....      | 665.444.380        | 434.964.647        |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) ..... | (31.696.663)       | 152.667.695        |
|   | <u>633.747.717</u> | <u>587.632.342</u> |

|  | Frestaðar<br>tekjur vegna<br>fjárfestinga | Fjárfestinga-<br>fjárveiting | Samtals<br>frestaðar<br>tekjur |
|--|---|------------------------------|--------------------------------|
| Staða 01.01.2023 .....                           | 434.964.647                               | 152.667.695                  | 587.632.342                    |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins .....            | 0   | 211.400.000                  | 211.400.000                    |
| Áhrif seldra eigna .....                         | (1.585.676)                               | 3.465.000                    | 1.879.324                      |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ..... | 397.270.868                               | (397.270.868)                | 0                              |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum .....           | 1.958.490                                 | (1.958.490)                  | 0                              |
| Tekjufærsla frestaðra tekna .....                | (167.163.949)                             | 0                            | (167.163.949)                  |
|  | <u>665.444.380</u>                        | <u>(31.696.663)</u>          | <u>633.747.717</u>             |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 138,7 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

|                      | 31.12.2023         | 31.12.2022         |
|----------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Hrein eign</b>    |                    |                    |
| Jöfnuður 1.1. ....   | 752.655.554        | 773.648.044        |
| Afkoma ársins .....  | (420.844.214)      | (20.992.490)       |
| Jöfnuður 31.12. .... | <u>331.811.340</u> | <u>752.655.554</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Skatturinn hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa auk annara samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 665,7 milljónum, vegna reksturs og vörslu hugbúnaðarkerfa kr. 934,8 milljónum og vegna annara samninga kr. 39,0 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2023, kr. 2,4 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.